



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Akureyri 14. maí 2024

Efni: Mál 939 á 154. löggjafarþingi. Umsögn um breytingar á lögum um samvinnufélög, evrópufélög og evrópsk samvinnufélög.

Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) leggur til eftirtaldar breytingar á framangreindu frumvarpi;

Að breytingatillaga í 8 grein breytist í samræmi við eftirfarandi (rauður texti)

Í stað 4. másl. 3. mgr. 65. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í samvinnufélögum þar sem félagsmenn eru fleiri en 100 og eigið fé er að lágmarki. kr. 750.000.000, skulu félagsaðilar sem eiga hlut í A-deild stofnsjóðs aldrei fá greitt til sín hærri fjárhæð en sem eign þeirra í sjóðnum, með að hámarki 15% álagi. Jafnframt skal í tillögunni um slit félagsins kveðið á um stofnun **sjálfbærrar** sjálfseignarstofnunar sem til skulu falla allar óráðstafaðar eftirstöðvar af eigin fé félagsins, sem skal hafa það að verkefni **að ávaxta eignir sínar og nýta afkomu af eignunum í** að styðja við samfélagsverkefni til almannaheilla á fyrrum félagssvæði hins slitna félags samkvæmt nánari ákvæðum í hinni samþykktu tillögu um slitin.

Umfjöllun

Með sama hætti og félagsmenn fá ekki nema mjög takmarkaða hlutdeild (að hámarki 15%) í óráðstöfuðu eigin fé (ÓRE) við slit m.t.t. þeirra sjónarmiða að þeir hafi ekki lagt beint framlag í formi fjárfestingar eða viðskipta við samvinnufélagið að þá sé rétt að jafnframt séu takmarkanir á því hvernig þessu ÓRE sem fer til sjálfseignarstofnunar er ráðstafað til annarra en eigenda. Tryggja þarf varanleika í tilvist sjálfseignarstofnunarinnar þannig að þau samfélög á félagssvæði slitafélagsins njóti hagræðis eða ábata af þessum fjármunum jafnt yfir langan tíma og að eignir hennar séu ekki greiddar út á skömmum tíma.

Að 3. málsgr 54. greinar svfl. breytist í samræmi við eftirfarandi (rauður texti)

Heimilt er að leggja af hagnaði félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktu þess eða ákvörðun félagsfunda til sjóða innan þess **eða stofnana utan þess**; sem ætlað er að styrkja málefni sem teljast til almenningsheilla, mannúðarmála eða ætlað er að starfa í hliðstæðum tilgangi, að svo miklu leyti sem slíkt telst hæfilegt með hliðsjón af tilganginum með stofnun slíkra sjóða,

fjárhagsstöðu félagsins, svo og atvikum að öðru leyti. **Aðalfundur getur ekki ákveðið hærri ráðstöfun í samræmi við grein þessa en stjórn félagsins hefur lagt til eða samþykkir.**


Umfjöllun:

Hér er sett inn sambærileg setning og er í 41. grein svfl. um tillögur um arðgreiðslur. Telja verður að sama eigi að gjalda um annað form á ráðstöfun afkomu heldur en arðgreiðslu til eigenda og því rétt og eðlilegt að samræma forsendur fyrir ráðstöfunum á afkomu.

Jafnframt telur SÍS að það sé óeðlilegt yfir höfuð að hægt sé að ráðstafa afkomu út úr samvinnufélagi til annarra en eigenda og/eða sjóða innan þess sjálfs og því er lagt til að felld verði á brott heimild til að ráðstafa afkomu beint til aðila utan félags. Áfram er hægt að stofna sjóði innan félags og ráðstafa úr þeim til verkefna utan félagsins en það gerist þá eftir skilgreindum farvegi innan félagsins sjálfs og í samræmi við þær reglur sem settar eru um slíka sjóði.

Að öðru leyti er SÍS sammála þeim breytingatillögum sem tilgreindar eru í frumvarpinu og fagnar þeim sérstaklega.

Virðingarfyllst,
F.h. SÍS



Hannes Karlsson
Stjórnarformaður